

bænda
FERÐIR

ALPADÝRÐ Í SVISS



2. – 9. ágúst 2026

Fararstjórn: Marianne Eiríksson

Sumar
Sviss | Ítalía

Ferðalýsing

Í þessari dásamlegu ferð leggjum við leið okkar um sannkallað hjarta **Sviss**, allt frá alpatindum til friðsælla og litríkra vatnsbakka **Maggiore** vatns á landamærum Ítalíu. Við gistum í fallega heilsulindarbænum **Davos** sem hvílir milli fjallanna **Jakobshorn**, **Parsenn** og **Schatzalp** og ferðumst þaðan í bæði fjallalestum og rútum. Okkar bíður mikið ævintýri á einni fallegustu lestarleiðinni um svissnesku Alpna frá bænum Disentis og í **Oberalp** skarði njótum við víðáttumikils útsýnis yfir jökla, úfna tinda og fagra alpadali. Í fjallapörpinu **Andermatt** er einnig fagurt um að litast. Við heimsækjum **Aldorf**, fæðingabæ **William Tell**, þjóðhetju Svisslendinga við hið fagra **Lucerne** vatn. Við ferðumst um hina þekktu lestarleið **Bernina Express** sem er á heimslista UNESCO, frá sólgylltum dölum Ítalíu í **Tirano** til alpatinda, og förum í heimsþekkta lúxusbæinn **St. Moritz**. Við förum í lestarferð með **Arosa Express** frá elstu borg Sviss, **Chur**, og upp í fjöllin í fallega þorpið **Arosa**. Þar njótum við frábærs útsýnis frá tindi **Weisshorn**. Við komum í smáríkið **Liechtenstein** og skoðum höfuðborg þess, **Vaduz**. Í **Rínardalnum** sjáum við **Viamala Gorge** gljúfrið sem er þekkt fyrir hrikalega fegurð sína. Það er miðjarðarhafsblær við **Maggiore** vatn þar sem ítölsk áhrif eru mikil. Við heimsækjum litríka bæi við vatnið eins og **Locarno** og **Ascona**. Í þessari frábæru ferð förum við heimsþekktar lestarleiðir í gegnum fjöllin, komum við í heillandi fjallapörpum og upplifum svissneska menningu og sögu. Við njótum fádæma náttúruferðurar í svissnesku ölpunum og í vatnaparadís við landamæri Ítalíu.

8 dagar | 7 nætur Davos



2. ágúst | Flug til Zürich & Davos

Brottför frá Keflavík kl. 07:20 og mæting í Leifsstöð u.þ.b. 2,5 klst. fyrir brottför. Lending í Zürich kl. 13:05 að staðartíma. Við höldum í suðurátt til kantónunnar Graubünden, sem er sú stærsta í Sviss, en hún á landamæri að Liechtenstein, Austurríki og Ítalíu. Gist verður í sjö nætur í fallegu alpaborginni Davos en hún stendur hæst evrópskra borga í 1560 m hæð. Davos er í Landwasser dalnum þar sem loftið er tært og útsýnið yndislegt. Borgin varð vinsæll heilsulindarbær seint á 19. öld og í byrjun þeirrar tuttugustu þegar berkla- og lungnasjúklingar leituðu í ferskt fjallaloftið og sólina. Í gegnum árin hefur borgin haldið þessum vinsældum og þróað áfram þjónustu við þá sem vilja slaka á í heilsulindum og jarðvarmaböðum.



3. ágúst | Chur, elsta borg Sviss & Arosa

Við byrjum daginn á skoðunarferð um Chur, elstu borg Sviss, en talið er að þar hafi verið samfelld búseta í yfir 5000 ár. Í gamla bænum Altstadt eru litlar steinlagðar götur, þröng húsasund, litrík hús, gosbrunnar og bæjarhlið frá miðöldum. Það er eins og að ferðast aftur í tímann að ganga um þennan merkilega bæ sem er fullur af menningu og listum. Héðan verður farið í glæsilega lestarferð upp í svissnesku Alpna. Við ferðumst um alpadali, skógi vaxið fjalllendi, í gegnum göng og yfir fallegar bogabrýr. Við komum í fjallaporpið Arosa, sem er umlukið ósnortnum vötnum, furuskógum og tindum. Það er gaman að röltu í gegnum þorpið, setjast inn á kaffihús eða njóta sín við Obersee vatn. Rétt fyrir ofan þorpið er fallegur útsýnisstaður, Weisshorn, en þangað er hægt að komast með kláfi.



4. ágúst | Lestarferð um jökuldali & skörð, Disentis, Oberalp & Altdorf

Í dag bíður okkar dásamlegt ævintýri á einni fallegustu lestarleiðinni um Sviss, með Matterhorn-Gotthard-Bahn lestinni innan um jökla, alpatindi og djúpa dali. Við leggjum upp frá bænum Disentis sem stendur í um 1130 m hæð efst í Rínardalnum. Hann er byggður út frá fallegu munkaklaustri sem stendur í hliðunum fyrir ofan bæinn. Leið okkar liggur upp að einu mikilfenglegasta fjallaskarði í Sviss, Oberalp, en það liggur



í um 2033 m hæð. Það var fyrr á öldum mikilvæg samgönguleið í gegnum miðbik Alpafjalla. Á leiðinni sjáum við tilkomumikið landslag Rínardalsins, alpasléttur þakkar villiblómum og fallega fossa sem steypast niður með hliðum. Skarðið tengir í raun tvo tungumálaheima, rómönskumælandi hlutann í austur Sviss og þann þýskumælandi í miðju Sviss. Við skarðið eru einnig vatnaskil, í austri renna árnar í Rín og vestan megin í ána Reuss. Nálægt toppi skarðsins liggur vatnið Toma en þar eru upptök Rínarfliðs. Við förum yfir í vesturhlutann í litla fjallaporpið Andermatt í kantónunni Uri. Héðan er stutt í önnur skörð yfir alpafjallgarðinn eins og Gotthard og Furka. Út frá Gotthard skarðinu liggur leiðin aftur niður úr fjöllum, meðal annars í gegnum gljúfrið Schöllenen, sem er umlukið þykkum veggjum úr graníti. Heimildir allt frá 12. öld eru um að fólk hafi fundið sér leið um þetta hrikalega gljúfur en í seinni tíð hafa menn byggt brýr og göng til þess að komast um það.



Merkilegust er Djöflabrúin, Teufelsbrücke, en sagan segir að fólk í Uri hafi ráðið Kölska til brúarsmiðarinnar. Á vegi okkar verður einnig Altdorf, fæðingarbær William Tell, þjóðhetju Svisslendinga. Altdorf stendur við eitt fallegasta vatn Sviss, Luzern. Það er víðáttumikið og teygir anga sína yfir fjórar kantónur. Við vatnið liggja mörg há kalksteinsfjöll, einna glæsilegust eru Rigi og Pilatus.

5. ágúst | Frjáls dagur í Davos



Í dag njótum við þessa að dvelja í yndislega bænum okkar Davos. Fyrir áhugasama er úrval heilsulinda í bænum, veitingastaða sem bjóða upp á skemmtilega svissneska rétti eins og fondue, raclette og rösti eða kaffihús þar sem ljúft er að setjast niður og skoða mannlífið. Það er gaman að rölta um borgina, hér eru mörg falleg hús frá Belle Époque tímabilinu sem var áratugina fyrir fyrri heimsstyrjöld. Þá blómstruðu listir,

arkitektúr og hönnun og þá sér í lagi Art Nouveau stíllinn sem þykir afar klassískur og fagur. Hér er gnægð vatna á blómlegum alpasléttum og yfir okkur gnæfa tindarnir Jakobshorn, Parsenn og Schatzalp. Það er mögulegt að taka kláfa upp á Jakobshorn og Parsenn, staldra við á veitingastað og njóta þaðan útsýnis yfir Alpana allt um kring. Það eru einnig margar miserfiðar gönguleiðir um nágrennið, í átt að Schatzalp og Jakobshorn eða í kring um Davos vatnið þar sem hægt er að setjast á kaffihús og slaka á í fallegu umhverfi.

6. ágúst | Vaduz í Liechtenstein og Stóra gljúfur Rínardals



Í dag komum við í eitt minnsta ríki heims, Liechtenstein, en það liggur á milli Sviss og Austurríkis og er um 160 ferkílómetrar. Höfuðborgin er hin smáa Vaduz og yfir henni trónir Vaduz kastali. Þar býr prinsinn Hans-Adam II af Liechtenstein. Ríkið er mjög vel stætt og þekkt fyrir bankastarfsemi, viðskipti, hátækniðnað og ekki síst fyrir fríverslun, sérstaklega í höfuðborginni Vaduz. Eftir skoðunarferð um Vaduz höldum við leið okkar áfram í

Rínardalinn sem gjarnan hefur verið kallaður Stóra gljúfur Sviss. Hér eru hrikalegir klettar, gljúfur, gil, skörð, bugðóttar og beljandi ár, furuskógar og lítil þorp í hlíðum. Við komum í Viamala Gorge sem er allt að 300 metra hátt og hefur í gegnum aldirnar verið kallað Hinn illi vegur. Við enda 19. aldar sáu rómantísk skáld og heimsspekingar eins og Nietzsche og Fontane fegurðina í þessarari hrikalegu náttúru. Í þeirra augum voru töfrar í því að upplifa náttúruna út frá smæð mannsins og það er sannarlega hægt að upplifa þessa tilfinningu hins háleita á þessum stað.

7. ágúst | Tirano á Ítalíu, Bernina Express & Pontresina



Þessi dásamlegi dagur hefst á akstri til landamærabæjarins Tirano á Ítalíu. Í þessum litla bæ njótum við ítalskrar menningar í bland við fagurt landslag Alpna. Þar snæðum saman hádegisverð og hefjum því næst lestarferð dagsins sem fer um afar fallegt svæði. Lestarferðin endar í Pontresina sem er sjálfstjórnarsvæði í Kantónunni Graubünden. Pontresina er umlukið snævi þökktum tindum og jöklum. Hér er

fríðsæld, fallegar byggingar sem kenndar eru við Belle Époque arkitektúrinn frá 19. öld og

huggulegar götur sem endurspeгла hlutverk bæjarins sem áfangastað þeirra sem sóttu í fegurð og heilsuvænt umhverfi Alpanna. Eftir lestarferðina verður ekið aftur til Davos en á leiðinni þangað verður komið við í St. Moritz sem er heimspektur alþabær kunnur fyrir fegurð sína og gæði. Hann stendur við samnefnt vatn þar sem er stórkostlegt útsýni yfir Engadin fjöllin. Þar hafa meðal annars verið haldnir tvennir vetrarólympíuleikar. Hér verður gefin stuttur frjáls tími til að njóta bæjarins.

8. ágúst | Frá fjallstoppum til Maggiore vatns



Í dag er fjölbreyttur dagur framundan. Við öikum úr einstakri alþadýrð á leið okkar gegnum fjallaskörðin og dalina í átt til ítölskumælandi svæðisins Ticino. Á leið okkar verður miðaldakastalinn Bellinzona sem eitt sinn stóð vörð um aðalleiðirnar til Alpanna og skyldi að norður og suður Sviss. Smátt og smátt breytist landslagið frá sígrænum skógum, sléttum og snævi þökktum fjallstoppum yfir í vínekrur,

pálmatré og hlýnandi miðjarðarhafsblæ. Við komum í bæinn Locarno sem liggur við norðurenda Maggiore vatns sem er eitt það fallegasta í Sviss. Efst á hæð fyrir ofan bæinn stendur kirkjan Madonna del Sasso en hún var viðkomustaður pílagraíma á leið þeirra um Sviss. Hér er dásamlegt útsýni yfir bæinn og vatnið. Það eru mikil ítölsk áhrif í þessum bæ, húsagerðarlist, menning, kaffihús og blómleg torg. Við skoðum einnig perlu Maggiore vatns, litríka þorpið Ascona sem var kosið svissneska þorp ársins 2025. Hér var áður mikil bátaútgærd en í dag er þorpið vinsæll staður til að slaka á, njóta menningar, lista og veitinga, rölta meðfram vatninu innan um pálmana eða fylgjast með sólsetrinu.

9. ágúst | Heimferð frá Zürich

Nú er komið að lokum í þessari dásamlegu ferð um Alpna í Sviss að landamærum norður Ítalíu. Eftir snemmbúinn morgunverð höldum við af stað til Zürich en þaðan verður flogið kl. 14:00 og landing í Keflavík kl. 16:00 að staðartíma.



Fararstjóri getur fært dagskrárliði á milli daga eftir þörfum þegar komið er á staðinn.



Verð

429.900 kr. á mann í tvíbýli | 49.800 kr. aukagjald fyrir einbýli.

Innfalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallarskattar.
- ✓ Gisting í 2ja manna herbergi með baði á 5* hóteli.
- ✓ Morgun- og kvöldverður á hóteli.
- ✓ Lestarferð með Matterhorn-Gotthard-Bahn.
- ✓ Lestarferð Bernina-Express.
- ✓ Lestarferð með Arosa-Express.
- ✓ Lestarferð frá Reichenau.
- ✓ Hádegisverður í Tivrano.
- ✓ Aðgangur í Viamala gilið.
- ✓ Kláfur upp á Weißhorn.
- ✓ Allar skoðunarferðir með rútu samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Íslensk fararstjórn.



Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn í hallir, kirkjur og söfn.
- ✓ Hádegisverðir, að undanskildum þeim sem eru undir innfalið.
- ✓ Þjófnef.
- ✓ Ferða- og forfallatryggingar.

Frekari upplýsingar

- ✓ Vert er að hafa í huga að þrátt fyrir að Bænduferðir séu alla jafna þægilegar rútuferðir er alltaf einhver ganga, t.d. í bæjarferðum. Margar evrópskar borgir eru bæði hæðóttar og ójafnar undir fæti og aðgengi að áfangastöðum þannig að leggja þarf rúttunni mislangt frá. Ef þú hefur einhverjar vangaveltur varðandi þetta vinsamlegast ekki hika við að hafa samband við skrifstofu Bænduferða.

Hótel

- ✓ Hotel Seehof Davos 5*

